

# Afbrotatölfræði

## Febrúar 2007

### Bráðabirgðatölur fyrir allt landið




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Í febrúar 2007 voru 1.087 hegningarlagabrot skráð hjá lögreglunni. Er það fjölgun samanborið við febrúar árin 2005 og 2006 en fækkun frá 2003 og 2004. Í febrúar 2007 voru 4.629 umferðarlagabrot framin. Það er nokkur fjölgun frá því í febrúar 2006 og yfir 100% aukning frá því febrúar 2005. Fjöldi þessara brota er þó svipaður og í febrúar 2003 og 2004. Lögreglan tók í notkun nýtt skráningarkerfi í byrjun árs 2005 sem skýrir að sumu leyti fækkun brota árið 2005. Fíkniefnabrot voru 123 talsins sem er fækkun frá árunum á undan, að undanskildu árinu 2003.


Á mynd 2 má sjá að flest fíkniefnabrot eða um 42% eiga sér stað á nóttunni. Dreifing fíkniefnabrota í febrúar er svipuð dreifingunni í janúar, en þá voru áberandi fæst fíkniefnabrot framin milli sex að morgni og tólf að hádegi. Flest umferðar- og hegningarlagabrot eru kærð um miðjan dag, milli hádegis og sex síðdegis.

Tafla 1 sýnir að hraðakstursbrotum fjölgaði um 100% í febrúar 2007 frá febrúar 2005. Þá hefur eigna- og nytjastuldum fjölgað ef miðað er við febrúar síðustu tvö ár. Fíkniefna- og áfengislagabrotum hefur farið fækkandi.

Á mynd 3 má sjá hversu mörg brot voru framin að meðaltali á hverjum vikudegi í febrúar. Um 20 þjófnaðir og innbrot voru að meðaltali framin á föstudögum. Flest eignaspjöll voru framin á sunnudögum og flest fíkniefnabrot á laugardögum. Alls voru 13 ölvunarastursbrot kærð að meðaltali á sunnudögum. Fæstar líkamsmeiðingar áttu sér stað á mánudögum en flestar á laugardögum og sunnudögum.




Mynd 1. Fjöldi brota í febrúar 2003-2007 eftir tegund brots



Mynd 2. Hlutfall brota eftir tíma sólarhrings í febrúar 2007

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í febrúar 2005, 2006 og 2007.

	feb.07	feb.06	feb.05
Of hraður akstur	2.543	2.023	1.159
Eignaspjöll	347	255	167
Innbrot	183	168	234
Þjófnaður	256	245	197
Áfengislagabrot	90	99	125
Ölvun við akstur	154	149	138
Fíkniefnabrot	123	141	173
Akstur gegn rauðu ljósi	91	106	72
Líkamsmeiðingar	101	93	86
Nytjastuldur	43	21	20



Mynd 3. Meðalfjöldi brota á dag í febrúar 2007 eftir vikudögum.

# Afbrotatölfræði

## Febrúar 2007

### Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í febrúar 2005, 2006 og 2007 eftir umdæmum

Umdæmi	Hegningarlagabrot			Umferðarlagabrot			Fíkniefnabrot		
	2007	2006	2005	2007	2006	2005	2007	2006	2005
Akranes	11	9	5	98	177	43	3	2	1
Akureyri	77	71	39	229	308	105	5	5	20
Blönduós	7	1	0	134	169	92	0	0	0
Borgarnes	9	6	5	207	166	68	3	3	1
Eskifjörður	6	7	3	78	110	58	2	1	4
Húsavík	8	5	3	48	22	22	0	0	0
Hvolsvöllur	13	4	2	92	66	32	0	0	1
Höfuðborgarsvæðið	809	662	676	2.658	2.013	1.367	90	108	111
Ísafjörður	5	14	17	38	27	31	0	4	1
Sauðárkrókur	6	7	3	68	39	8	1	0	0
Selfoss	31	19	20	402	425	104	1	2	16
Seyðisfjörður	14	7	7	55	65	22	1	1	1
Snæfellsnes	2	1	1	54	51	45	0	0	0
Suðurnes	75	73	61	428	290	174	16	15	13
Vestmannaeyjar	14	8	6	40	22	32	1	0	4
Ríkislögreglustjórnin	0	1	2	0	0	0	0	0	0
Alls	1.087	895	850	4.629	3.950	2.203	123	141	173

Í töflu tvö má sjá heildarfjöldi hegningarlagabrota, umferðarlagabrota og fíkniefnabrota í febrúar frá 2005-2007

Hegningarlagabrotum hefur fjölgað í febrúar eins og sést á töflu 2. Ef við skoðum þetta eftir embættum sést að mikil aukning hefur orðið á Hvolsvelli, höfuðborgarsvæðinu og Selfossi miðað við árin á undan. Á hinn bóginn fækkaði brotunum talsvert á Ísafirði.

Alls skræði lögreglan á höfuðborgarsvæðinu 2.658 umferðarlagabrot í febrúar 2007 sem er 100% aukning frá febrúarmánuði 2005. Umferðarlagabrotum fjölgaði einnig í Borgarnesi, Vestmannaeyjum, á Húsavík, Ísafirði, Sauðárkróki, Snæfellsnesi og Suðurnesjum.

Fjöldi fíkniefnabrota er svipaður í febrúar 2007 og 2006 en á Akureyri og Selfossi hefur þeim fækkað umtalsvert frá árinu 2005.

#### Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 12. mars 2007 og eru tölur fyrir árin 2006 og 2007 bráðabirgðatölur.

Í byrjun árs 2005 tók lögreglan í notkun nýtt skráningarkerfi. Þetta skiptir máli þegar fjöldi brota árið 2005 er borinn saman við fjölda brota 2006 og 2007.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru til lögreglunnar að frátöldum þeim sem reynast við nánari athugun ekki vera brot. Hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kæru fyrir fíkniefni sem fundust í fórum hans.